

## Varðar: Goðheima 21 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júní 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. júní 2024 þar sem sótt er um leyfi að breyta innra skipulag í fjölbýlishús og bæta við bílastæði á lóð nr. 21 við Goðheima. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 20. júní 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin af ja.is(mynd tekin í júlí 2022)

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin borgarhluta 04 Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði ÍB26 - Heimar.

Deiliskipulag/Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Heimahverfis, skipulag í Langholti, Álfheimar, Goðheimar samþykkt 03. 02.1956, ásamt síðari breytingum.

### Byggðamynstur

Í byggðarkönnun fyrir Laugardalinn kemur fram að einkenni lægri byggðar í Heimunum eru minni fjölbýlishús byggð í kringum 1960. Flest húsin eru tví- og þrílyft steinsteypuhús byggð í módernískum stíl þar sem stórar og rúmgóðar íbúðir eru á hverri hæð. Góðir fremur grónir garðar eru í kringum húsin en steypdur kantur er einkennandi umhverfis garðana.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 21 við Goðheima er steinsteypt sambýlishús, þrílyft með kjallara, byggt árið 1959 skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi umsókn við gerð á tveimur viðbótar bílastæðum inni á lóðinni með aðkomu frá götu, við hlið núverandi bílastæða við Goðheima 21.

Ekki er tekið jákvætt í fjölgun bílastæða inni á lóð til einkanota en við það fækkar bílastæðum í götunni/borgarlandi sem eru til almenningsnota. Við gerð þessara stæða þarf einnig að brjóta upp steypant kant sem umlykur garðinn sem og að dvalarrými í garði skerðist til muna sem er einkennandi fyrir hverfið og gefur sterkan heildarsvip.

### **Niðurstaða**

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn varðandi gerð á tveimur viðbótar bílastæðum inni á lóð nr. 21 við Goðheima.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Katrín Eir Kjartansdóttir, verkefnastjóri